

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um breytingar á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni.

Frá Bergþóri Ólasyni.

- Hefur ráðuneytið unnið greiningu á því hvaða áhrif breytingar á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (International Health Regulations, 2005) sem taka eiga gildi 1. desember 2023 fela í sér gagnvart núverandi regluverki á Íslandi?
- Hverjar eru helstu breytingarnar sem verða?
- Hafa verið gerðir fyrirvarar við einhverjar þeirra breytinga sem þar eru gerðar?
- Getur ráðherra ábyrgst að breytingarnar feli ekki í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðum rétti Íslendinga og skerði ekki fullveldisrétt íslenska ríkisins samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944?

Skriflegt svar óskast.